

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 3

við Stjórnartíðindi EB

2. árgangur

2.2.1995

## I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II. EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

95/EES/3/01 Ákvörðun frá 9. janúar 1995 um opinbera frídaga EFTA-dómstólsins á árinu 1995..... 01

## III. EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/3/02 Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/C-2/35360)..... 02

95/EES/3/03 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.511 - Texaco/Norsk Hydro).....02

95/EES/3/04 Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/C-2/35344)..... 03

95/EES/3/05 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.535 - Mannesmann Demag/Delaval Stork).....03

95/EES/3/06 Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu  
á tímabilinu 2. 1. til 20. 1. 1995..... 04

95/EES/3/07 Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir..... 05

3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

### Ákvörðun frá 9. janúar 1995 um opinbera frídaga EFTA-dómstólsins á árinu 1995

95/EES/3/01

#### EFTA-DÓMSTÓLLINN HEFUR,

með hliðsjón af 3. mgr. 24. gr. starfsreglnanna þar sem farið fram á að dómstóllinn virði opinbera frídaga á þeim stað þar sem hann hefur aðsetur,

með hliðsjón af 2. mgr. 76. gr. starfsreglnanna þar sem farið er fram á að dómstóllinn geri lista yfir opinbera frídaga og birti hann í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins,

#### ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

Skrifstofur dómstólsins eru lokaðar á eftirtöldum opinberum frídögum á árinu 1995:

Mánudagur	2. janúar	nýjársgdagur
Föstudagur	14. apríl	föstudagurinn langi
Mánudagur	17. apríl	annar í páskum
Fimmtudagur	25. maí	uppstigningardagur
Mánudagur	5. júní	annar í hvítasunnu
Þriðjudagur	1. ágúst	þjóðhátíðardagur Sviss
Fimmtudagur	7. september	Jeûne Genevois
Föstudagur	8. september	Jeûne Genevois
Mánudagur	25. desember	jóladagur
Þriðjudagur	26. desember	annar í jólum

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/C-2/35360)

95/EES/3/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. janúar 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um fyrirhugað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem myndað verður af General Electric Plastics b.v og BASF Aktiengesellschaft til að framleiða pólýbútýlentereflat (PBT), fjölliða í kvoðuformi, sem er hálfunnið efni notað til að framleiða blandað og samsett plastefni sem ætlað er í sjálfvirkan búnað, rafmagns- og rafeindabúnað og tæki sem notuð eru í iðnaði.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 23, 28. 1. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/C-2/35360, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 2/82  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

### Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.511 - Texaco/Norsk Hydro)

95/EES/3/03

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. 1. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/C-2/35344)****95/EES/3/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. desember 1994 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um fyrirhugað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, myndað af Recticel S.A./N.V. og Toscana Gomma SpA til að selja pólýúretanfroðu til iðnaðarnota á ítölskum markaði, sem verður starfrækt undir nafninu Tigierre S.R.L.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 23, 28. 1. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/C-2/35344, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 2/82  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.535 - Mannesmann Demag/Delaval Stork)****95/EES/3/05**

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 12. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu 95/EES/3/06  
á tímabilinu 2. 1. til 20. 1. 1995**

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(94) 582	CB-CO-94-607-EN-C <sup>(1)</sup>	Tillaga að tilskipun ráðsins um samantekt tölfraeðilegra upplýsinga á sviði ferðamála	4.1.1995	6.1.1995	38
COM(94) 660	CB-CO-94-686-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um gerð samnings, af hálfu bandalagsins, um verndun umhverfis Norðaustur-Atlantshafsins	6.1.1995	9.1.1995	61
COM(94) 674	CB-CO-94-700-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um samræmda vísitölu vöru og þjónustu	9.1.1995	9.1.1995	20
COM(95) 5	CB-CO-95-008-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um breytingu á ákvörðun 94/3092/EB um að koma á upplýsingakerfi innan bandalagsins um slys í heimahúsum og frístundum	13.1.1995	16.1.1995	11
COM(94) 521	CB-CO-94-558-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um kröfur um orkunýtni kæli- og frystiskápa til heimilisnota svo og samsettra skápa	7.12.1994	18.1.1995	29
COM(94) 519		Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um móttöðu vélknúinna ökutækja hvað varðar hliðarhögg og um breytingu á tilskipun 70/156/EBE	13.12.1994	20.1.1995	59

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/3/07

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
94-0340-P	„CTO“ þráðlausir símar - radióforskriftir vegna gerðarviðurkenningar eða stakrar viðurkenningar	27.2.1995
94-0341-E	Drög að tækniforskriftum varðandi aðgang að stafrænum leigulínum ósamhverfra gagna á hraðanum 2048 kb/s (2 mb/s) með mótaðan og ómótaðan ramma, með því að nota tengisnið sem er skilgreint í CCITT-tilmælum G.703	13.2.1995
94-0342-D	Reglugerð um gerðarviðurkenningu BAPT 224 ZV 10 DOC. (ZV 10-4) 30 6. Drög um tengingu farstöðvarbúnaðar við pakkaskipta starfsemi og tengisnið í samræmi við ITU-T-tilmæli X.75 í sambandi við sérstaka ISDN-tengingu fyrir pakkagögn ISDN í fjarskiptadeild þýsku póst- og símamálastofnunarinnar [Deutsche Bundespost Telekom]	16.2.1995
94-0343-E	Drög að fyrirmælum um að semja reglugerðir um merkingar, í upplýsingaskyni, á hönskum	27.2.1995
94-0344-E	Drög að fyrirmælum um að semja reglugerðir um merkingar, í upplýsingaskyni, á leðri, ferðavörum og skrautumunum frá Marokkó	27.2.1995
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.